

Stjórnarfundur UMSB
1. september 2015 í Borgarnesi

Mætt: Þórhildur, Sólrún Halla, Sigurður sambandsstjóri, Pálmi Blængs, Kristín, Ásgeir og Jón Eiríkur

1. Sambandsstjóri setur fundinn
2. Sambandsstjóri ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar
Bókun: Fundargerð samþykkt
3. Verkefni í gangi
 - a) Húsnæði UMSB, leiga/sala

Margrét Ástrós hefur áhuga á að leigja kannski skrifstofuna undir jóga starfsemi. Kostnaður við að reka skrifstofuna og aukaherbergið á mánuði er ca. 20.000 kr.
Bókun: Pálmi býður Margréti Ástrósu að leigja skrifstofuna ásamt herberginu sem hún er með til leigu.
 - b) Undirbúningur v. ULM 2016

Hrafnhildur Tryggvadóttir tekni við umhverfisverkefnum hjá Borgarbyggð og Pálmi sýndi henni Kárastaðasvæðið til þess að hægt sé að fara að byrja á tjaldstæða vinnu. Vonast til þess að kostnaðartillögur verði klárar um miðjan september og þar með hægt að byrja að moka úr skurðum, laga ræsi og leggja rafmagn. Við þurfum að fá fólk í Unglingalandsmótsnefnd og búið er að undirstika þetta við nokkra einstaklinga sem eru til í að vinna þetta með okkur. Ætlum að fá Ómar Braga í heimsókn og hann kemur þegar hann er búinn að klára vinnuna í kringum Unglingalandsmótið á Akureyri 2015.
Bókun: Stjórn UMSB og framkvæmdastjóri kallar saman Unglingalandsmótsnefnd þegar Ómari Bragi er tilbúinn.
 - c) Stefnumótun og framtíðarmarkmið UMSB

Stjórn UMSB ætlar að hafa vinnufund til þess að vinna stefnumótun og framtíðar-markmið UMSB. Pálmi er búinn að vinna aðeins úr gögnunum sem unnin voru á stefnumótunarfundi í Hjálmakletti í vor.
Bókun: Vinnufundur stjórnar UMSB um stefnumótun og framtíðarmarkmið verður 29. september kl. 20.
 - d) Starfsstyrkur

Pálmi búinn að reikna út starfsstyrki fyrir aðildarfélögin, svipaðar upphæðir og í fyrra. Greiðslur fyrir starfsstyrki koma frá Borgarbyggð. Jón Eiríkur spyr hvort Skorradalur borgi líka í starfsstyrki til aðildarfélaga, en svo er ekki. Framtíðarhugmynd gæti verið að þetta hétu starfsstyrkur UMSB og öll sveitarfélögin myndu greiða ákveðna upphæð til UMSB sem myndi greiðast á öll aðildarfélögin.
 - e) Þjálfaranámskeið

Pálmi er búinn að fá einn fyrirlesara upp á 50.000 kr. en fékk styrk upp á 100.000 kr. frá UMFÍ til þess að halda þjálfaranámskeið. Pálmar Ragnarsson kemur og verður með fyrirlestur um það að hvetja krakkana til þess að stunda æfingar og hvernig þjálfarar geta höfðað vel til iðkenda. Pálmi ætlar að fá fleiri fyrirlesara og fær Óðal endurgjaldslaust til þess að halda námskeiðið.
Bókun: Pálmi ætlar að hafa námskeiðið í september og öllum þjálfurum á svæði UMSB boðið að sitja námskeiðið.

4. Starfsmannamál

Sigurður tómskundastjóri sagði starfi sínu lausu fyrir mánaðamótin. Hann og sambandsstjóri sömdu um að hann myndi vinna uppsagnarfrestinn sem er þrjú mánuðir.

Bókun: Stjórn UMSB harmar ákvörðun Sigurðar tómskundastjóra þar sem mikil ánægja ríkir innan stjórnar með störf hans.

5. Samningur við Borgarbyggð um tómskundaskóla o.fl.

UMSB hefur verið mun meðvitaðra en sveitarfélagið um samning um tómskundaskóla o.fl. Vorum hrædd við hvort það væri hægt að hafa skýra línu á milli starfsmanna, grunnskóla, tómskundaskóla og Borgarbyggðar. Mikið rót á starfsmönnum sveitarfélagsins og hafa t.d. þrjú fræðslustjórar verið á tímabilinu og nú er sá fjórði að taka við. Einnig hafa verið skipti á skólustjórum grunnskólanna og fleira. Framkvæmdastjóri og tómskundastjóri UMSB hafa ekki átt neinn tengilið í ráðhúsinu í fjóra mánuði. Gott að gjaldskrár voru samræmdar um allt sveitarfélagið í tengslum við Íþrótt- og tómskundaskólann. Kristín nefnir hvort það væri ekki sniðugt fyrir stjórnina að setjast með fræðslunefnd, kynna skólann og ræða málin við þá sem sjá um þetta hjá sveitarfélaginu.

Bókun: Ákveðið að gefa samningnum tækifæri þar sem nýr sviðsstjóri fræðslumála hóf störf í dag, 1. september og því gæti orðið meira upplýsingaflæði á milli tómskundastjóra og Borgarbyggðar. Pálmi og Sigurður sambandsstjóri ætla að punkta niður kosti og galla við samstarfið og senda á stjórnina. Þegar við höfum markað okkar stefnu þá setjumst við niður með fræðslunefnd Borgarbyggðar og ræðum málin um framhaldið.

6. Önnur mál

a) Sambandsþing UMFÍ

Verður haldið í Vík í Mýrdal 17. – 18. október 2015. UMSB á fimm fulltrúa á þingi og allar tillögur sem við viljum leggja fyrir þingið skulu berast fyrir 19. september.

Bókun: Kristín, Ásgeir, Pálmi, Þórhildur og Sigurður sambandsstjóri fara á þingið.

b) Vallarmál

Ásgeir skoðaði samning um vallarmál. Sá sem sér um slátt, sló þrisvar sinnum en samkvæmt samningi ætti hann að slá fimm sinnum. Hefur alveg gleymst að hirða í kringum kúluvarp og langstökksgryfjur. Sama vandamál á Hvanneyri.

Bókun: Pálmi gengur í málið og ræðir við Harald vallarstarfsmann. Einnig þarf að ítreka við formenn aðildarfélaga að vinsamlegar ábendingar eru vel þegar til framkvæmdastjóra varðandi umhirðu valla.

c) Húsnæði UMSB

Pálmi vill að við setjum ákveðnar reglur um notkun hússins. Nú er húsnæðið á íþróttasvæðinu þar sem margir eiga leið framhjá og vilja jafnvel leigja húsnæðið.

Bókun: Stjórn UMSB leyfir ekki áfengi né vímuefni í húsakynnum sínum þegar húsnæðið er lánað til annarra.

Fundi slitið kl. 22:10
Sólrún Halla Bjarnadóttir
fundarritari